

Vinnuregla um endurgreiðslu Sjúkratrygginga á kostnaði við tæknifrjógungun þegar einstaklingar velja að fá þjónustuna í aðildarríkjum EES, Sviss eða Bretlandi.

Almennt um greiðsluþátttöku

Sjúkratryggingar taka þátt í kostnaði vegna tæknifrjógungunar í aðildarríkjum EES¹, Sviss og Bretlandi á grundvelli 2. gr. reglugerðar nr. 484/2016.² Greiðsluþátttaka í meðferðinni er sú sama og ef meðferð hefði farið fram hér á landi.

Upplýsingar um greiðsluþátttöku í meðferð sem fer fram hér á landi má finna í 3. gr. reglugerðar nr. 1239/2018, með síðari breytingum.³ Þannig er endurgreiðsla í fyrstu meðferð 5%, en 65% í annarri til fjórðu meðferð. Engin greiðsluþátttaka er í meðferðum eftir það.

Upphæð sem heimilt er að endurgreiða miðar við gjaldskrá Sjúkratrygginga.⁴ Í gjaldskrá sem gildir frá júní 2023 kemur fram að endurgreiðsla fyrir heila meðferð reiknist út frá verðinu 480.000 kr. Sé greiðsluþátttaka í meðferð 65% (um er að ræða aðra til fjórðu meðferð) er hámarksendurgreiðsla því 312.000 kr.

Hvað er innifalið í heilli meðferð

Í 1. gr. reglugerðar nr. 1239/2018 kemur fram hvað felst í einni meðferð. Segir að tækifrjógungun hefjist með því að kynfrumum, eggjum eða sæði, er safnað. Kynfrumur eru ýmist frystar eða egg frjóvgað og tilbúnir fósturvísar frystir eða settir upp. Hverri meðferð lýkur með einni uppsetningu fósturvísis eða fósturvísa, óháð því hve margir fósturvísar kunna að hafa orðið til í ferlinu. Í 3. gr. segir að innifalinn í meðferð sé kostnaður vegna nauðsynlegra rannsókna, viðtöl við sérfræðinga og nauðsynleg lyf vegna meðferðarinnar, önnur en örvunarlyf eggjastokka, en um greiðslu þeirra fer samkvæmt reglugerð um greiðsluþátttöku sjúkratrygginga í lyfjakostnaði.

Ef enginn nothæfur fósturvísir fæst eða ef ákveðið er að frysta fósturvísa og hefja eggheimtu þegar á ný, í stað þess að setja upp fósturvísi, telst meðferð einnig lokið. Ný meðferð hefst þá með undirbúningi nýrrar eggheimtu.

Nánar um greiðsluþátttöku

Á Íslandi gildir framangreint hámark á greiðsluþátttöku fyrir hverja tæknifrjógungunarmeðferð og greidd er sama upphæð fyrir slíka meðferð erlendis, jafnvel þó þær rannsóknir og meðferðir sem gerðar eru kunni að vera aðrar að einhverju leyti.

¹ Austurríki, Belgía, Búlgaría, Króatía, Kýpur, Danmörk, Eistland, Finnland, Frakkland, Grikkland, Holland, Írland, Ítalía, Lettland, Litháen, Lúxemborg, Liechtenstein, Malta, Noregur, Pólland, Rúmenía, Slóvakía, Slóvenía, Spánn, Svíþjóð, Tékkland, Ungverjaland, Þýskaland.

² [484/2016 – Reglugerð um heilbrigðisþjónustu sem sótt er innan aðildarríkis EES-samningsins en hægt er að veita hér á landi og um hlutverk innlends tengiliðar vegna heilbrigðisþjónustu yfir landamæri](#)

³ [1239/2018 – Reglugerð um þátttöku sjúkratrygginga í kostnaði við tæknifrjógungunir sem veittar eru án samnings við Sjúkratryggingar](#)

⁴ [Gjaldskrá Sjúkratrygginga fyrir tæknifrjógungun sem ekki hefur verið samið um](#)

Ef óskað er sérstaklega eftir endurgreiðslu fyrir viðbótarmeðferð sem almennt er ekki hluti af tæknifrjógvun, t.d. legspeglun (hysteroscopy), þarf Sjúkratryggingum að berast læknaþréf þar sem ábending fyrir meðferðinni er skýrð.

Nauðsynlegt er að umsækjendur skýri vel hvað sótt er um, sýni sundurliðaða reikninga eða annað til þess að sýna fram á þá meðferð sem var veitt.

Ekki er greitt fyrir geymslu fósturvísa sem kunna að verða til við meðferð. Ekki er greitt fyrir uppsetningu á frystum fósturvísnum. Þetta er í samræmi við þær reglur sem gilda við meðferð á Íslandi.

Engin þátttaka er í ferðakostnaði þegar valið er að sækja meðferð erlendis.

Hvernig er sótt um

- Fylla þarf út viðeigandi umsókn
- Sundurliðaða, viðurkennda reikninga úr bókhaldskerfi þjónustuveitanda þar sem kemur skýrt fram hvað hver þjónusta sem var veitt kostaði (án nákvæmra upplýsinga er ekki hægt að reikna út greiðsluþáttöku.)
- Greiðslustaðfestingar
- Staðfesting á því að meðferð sé lokið með uppsetningu.

Athugið að einungis er hægt að afgreiða umsóknir þegar meðferð hefur lokið með uppsetningu. Ef ekki var hægt að ljúka meðferð með uppsetningu verðum við að fá staðfestingu frá meðferðaraðila hvers vegna.

Frekari upplýsingar ásamt umsóknareyðublaði má finna á heimasíðu Sjúkratrygginga undir [Sjúkratrygging ferðamanna erlendis](#).